

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

787. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn föstudaginn 5. apríl 2013 kl. 11:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
3. Bréf Þorbergs Guðmundssonar.
4. Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands.
5. Bréf Búnaðarfélags Bæjarhrepps og Bitru.
6. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
7. Tilkynning um tímasetningu 21. Ársþings SSNV.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs eru mættir til fundar við byggðarráð. Rætt um fyrirhugaðar slitlags- malbiksframkvæmdir á Hvammstanga og endurnýjun vatnsveitulagnar í Veigastíg því samhliða, viðhald og umsjón með heitum pottum við Félagsheimilið Ásbyrgi og samning um umsjón þeirra o.fl. Þá var farið yfir teikningar vegna fyrirhugaðra breytinga á klórrými íþróttamiðstöðvar.
2. Fram lagt bréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. þar sem greint er frá ákvörðun aðalfundar félagsins um arðgreiðslu vegna ársins 2012, alls kr. 408.000.000-. Hlutur Húnaþings vestra í arðgreiðslunni er alls kr. 2.914.752-
3. Fram lagt bréf Þorbergs Guðmundssonar, dags. 25. mars sl. þar sem hann segir upp starfi sínu í Þjónustumiðstöð (áhaldaúsi) Húnaþings vestra frá og með 1. apríl 2013. Byggðarráð þakkar honum fyrir vel unnin störf fyrir Húnaþing vestra á liðnum árum.
4. Fram lagt fundarboð aukafundar fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands. Fundurinn verður haldinn í Reykjavík þann 19. apríl nk. kl. 13:00. Sveitarstjóri er fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum.
5. Bréf Búnaðarfélags Bæjarhrepps og Bitru lagt fram. Í bréfinu er gerð grein fyrir tillögu aðalfundar félagsins um að beina því til Matvælastofnunar, Bændasamtaka Íslands og sveitarfélaga á svæðinu að sjá til þess að fjármagn fái til áframhaldandi viðhalds sauðfjárveikivarnargirðinga. Byggðarráð tekur heilshugar undir tillögu félagsins og bendir á að sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur þegar sent ályktun sama efnis til Matvælastofnunar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins Atvinnuveganefndar Alþingis og Alþingisþingmanna Norðvesturkjördæmis.
6. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 26.03.2013, þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Knúts A. Óskarssonar f.h. Ósafells ehf., kt. 701110-0210 um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði. Sótt er um leyfi til að reka veitingastofu/greiðasölu í flokki II yfir veitingastaði í þjónustuhúsi að Ósum á Vatnsnesi í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
7. Framlögð tilkynning frá framkvæmdastjóra SSNV um að 21. Ársþing SSNV verði haldið í Skagafirði 18.-19. október 2013.
Samþykkt að taka á dagskrá:
8. Formaður byggðarráðs og sveitarstjóri greindu frá því að þau hefðu átt fund með fulltrúum Kvenfélagsins Iðunnar og Ungmennafélagsins Hörpu í fyrrum Bæjarhrepps.

9. Fram lagður viðauki við samning um leigu tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi. Byggðarráð samþykkir framlagðan viðauka.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 12:22

Leó Örn Þorleifsson.

Elín R. Líndal.

Sigurbjörg Jóhannsdóttir.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.